

um, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, óskipt kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1977.

Nr. 74/1977. **Ákærvaldið**
 gegn
Hauki Guðmundssyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Kröfu um, að dómari víki sæti, synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur hinn 25. apríl 1977 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Keflavíkur, sem upp var kveðinn sama dag. Barst kæran Hæstarétti hinn 3. þ.m. Ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kærunnar, sbr. 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Krefst varnaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og tekin verði til greina sú krafa hans, að rannsóknardómarinn Steingrímur Gautur Kristjánsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, víki sæti í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Kröfu sína um, að rannsóknardómarinn víki sæti, styður varnaraðili þeim rökum, að hann hafi verið sér óvinsamlegur og hlutdrægur í rannsókn annars opinbers máls, sem hann hefur með höndum. Hafi rannsóknardómarinn hinn 7. mars sl. sent fjölmiðlum fréttatilkynningu um rannsókn

Þess máls, er verið hafi hlutdræg og til þess fallin að baka varnaraðilja álitshnekk.

Engin haldbær rök eru komin fram fyrir þeirri kröfu varnaraðilja, að horf rannsóknardómarans við honum sé þannig, að honum beri að víkja sæti í málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 25. apríl 1977.

Þann 10. desember 1975 kærði Seðlabanki Íslands Hauk Guðmundsson rannsóknarlögreglumann, Kirkjuvegi 3, Njarðvík, fyrir tékkamisferli með útgáfu 6 tékka, samtals að fjárhæð 390.000 krónur, 21. október — 4. nóvember 1975. Kæran var fengin rannsóknarlögreglunni í Keflavík til meðferðar, og þann 29. mars 1976 voru teknar lögregluskýrslur af kærða og einu vitni.

Kærða var veitt lausn frá störfum um stundarsakir í desember sl. vegna gruns um aðild að meintri ólöglegri handtöku.

Með bréfi, dags. 6. janúar 1977, krafði bæjarfógetinn í Keflavík og Njarðvík kærða um kærugögnin, og þann 10. janúar afhenti kærði ljósrit af kærubréfinu ásamt lögregluskýrslum og ljósriti af tékkunum. Fram kemur í bréfi, sem fylgdi gögnunum, að kærði hafði sent frumrit kærunnar ásamt ljósriti af lögregluskýrslum og tékkum til greiðslubankans, Útvegsbanka Íslands í Keflavík.

Af öðrum gögnum kemur fram, að kærði hefur sent gögn þessi með bréfi, dags. 28. september 1976, og óskað eftir, að bankinn færi fram á, að málið yrði fellt niður. Af hálfu bankans er því haldið fram, að bréf þetta hafi borist bankanum 10. janúar sl.

Með úrskurði 25. janúar 1977 vék hinn reglulegi héraðsdómari, Jón Eysteinnsson bæjarfógeti, sæti við rannsókn málsins.

Með umboðsskrá, útgefinni 3. febrúar 1977, var Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari skipaður til að fara með rannsókn vegna kærunnar svo og til að rannsaka önnur þau atriði, sem upp kynnu að koma við rannsókn vegna kærunnar.

Dómsrannsókn hófst hinn 23. mars sl.

Kærði kom fyrir dóminn 15. þ. m., krafðist þess, að dómariinn víki sæti, og lagði fram svohljóðandi yfirlýsingu:

„Það er sannfæring mín, að rannsóknardómariinn, Steingrímur Gautur Kristjánsson, sem farið hefur með rannsókn „handtökumálsins“, þar sem undirritaður var yfirheyrður sem sakamaður, sé vanhæfur, hvað varðar að fara með rannsókn mála á hendur undirrituðum. Framangreint er m. a. rökstutt með framkomu rannsóknardómarans við upphaf handtökumálsins, þegar hann fullyrti, „að ekkert sé annað en að leggja spilin á borðið“ fyrir undirritaðan. Í framhaldi af þessu nefndi hann nokkur atriði, sem fram höfðu þá komið við rannsókn málsins s. s. afnám fingrafara, áfengisflöskur, sem þá var talið, að horfið hefðu af lögreglustöðinni á Keflavíkurflugv. Framburð Sigurbjargar Gísladóttur, meðferð bjórkassa frá lögreglunni í Keflavík.

Þá er að nefna fréttatilkynningu rannsóknardómarans í fjölmiðlum, sem m. a. birtist í Mbl. 8. mars s.l. — Fullyrðingar rannsóknardómarans í fjölmiðlum um, að handtökumálinu yrði lokið fyrir tiltekin tímamörk og margt fleira frá vettvangi fjölmiðla, sem ekki verður rakið hér.

Það er krafa mín, að skipaður umboðsdómari í ávísanamáli mínu, Steingrímur Gautur Kristjánsson, víki án tafar sæti frá þeirri rannsókn.“

Krafa kærða um, að dómariinn víki sæti, er efni þessa úrskurðar.

Af hálfu ákærvaldsins hefur ekki verið tekin afstaða til kröfunnar.

Þann 6. desember 1976 gaf lögreglan sig á tal við Karl Guðmundsson, Þórufelli 14, Reykjavík, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar R 584 í Vogum, Vatnsleysustrandahreppi. Við leit í bifreiðinni fundust tvær flöskur af Vodka og kassi af áfengu öli. Var Karl síðan fluttur til Keflavíkur og þaðan í fangageymslu á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var hafður í haldi í um sólarhring. Kærði stjórnaði handtökunni.

Fljótlega vöknudu grunsemdir hjá yfirmönnum lögreglunnar um, að ekki væri allt með felldu varðandi handtökuna, og þann 9. desember sl. barst ríkissaksóknara bréf, þar sem þess var krafist af hálfu Karls Guðmundssonar, að rannsókn færi fram út af meintri ólöglegri handtöku á honum.

Með umboðsskrá 14. desember 1976 var Steingrímur Gautur Kristjánsson skipaður til að fara með rannsókn vegna handtökunnar. Rannsóknin hófst 15. desember sl.

Við rannsóknina komu fram gögn, sem gáfu til kynna, að áfenginu hefði verið komið fyrir í bifreiðinni án vitundar Karls og Guðbjarts heitins Pálssonar, umráðamanns bifreiðarinnar, sem með honum var, og að þeir hefðu verið blekkir til að aka inn í umdæmi Keflavíkurlögreglunnar, til að þeir yrðu handteknir þar. Grunur beindist að kærða um, að hann hefði átt frumkvæði að því, að áfenginu væri komið fyrir í bílnum og að Guðbjartur heitinn væri fenginn til að koma í umdæmi Keflavíkurlögreglunnar. Ýmis gögn virtust gefa vísbendingu í þessa átt.

Þegar kærði kom fyrir dóminn 21. desember 1976, var hann áminntur um sannsögli og honum gerð grein fyrir réttarstöðu hans. Síðan var honum skýrt frá því, sem fram hafði komið gegn honum í gögnum málsins, og skorað á hann, ef hann vissi sig sekan, að „leggja spilin á borðið“. Kærði lýsti þegar yfir sakleysi sínu. Við lok yfirheyrslunnar skoraði dómari á kærða, ef hann vissi sig saklausan, að færa fram gögn því til stuðnings og benda dóminum á rannsóknarefni, sem mundu leiða í ljós sakleysi hans.

Handtaka Karls Guðmundssonar vakti þegar mikla og almenna athygli, og var mikið ritað um hana og rannsókn handtökumálsins í blöð. Í því sambandi var leitað fast eftir upplýsingum við dómara, og gaf dómari framan af greiðar upplýsingar um gang rannsóknarinnar almennt, en forðaðist, eftir því sem tók voru á, að skýra frá því, sem kom fram efnislega um rannsóknarefnið. Mikið af upplýsingum dómarsins var rangfært og rangtúlkað í blöðum. M. a. var skýrt frá því, a. m. k. í einu dagblaði, að dómari hefði sagt, að rannsóknin beindist að því að sanna sekt kærða, þar sem hið rétta var, að dómari hafði sagt, að rannsóknin beindist einkum að því um þær mundir að sanna sekt eða sakleysi kærða. Kann að vera, að af þessum ástæðum eða öðrum líkum hafi kærði fengið þá hugmynd, að dómari væri hlutdrægur. Af þessum ástæðum tók dómari þann kost að hætta að veita dagblöðunum aðrar upplýsingar en þær, sem óhjákvæmilegt var að veita, en gaf jafnframt fyrirheit um að senda þeim fréttatilkynningu, þegar rannsóknin væri komin á það stig, að það teldist óhætt, þannig að komið væri til móts við réttmæta hagsmuni almennings af að fá að fylgjast með gangi dómsmála.

Mánudaginn 7. mars sl. sendi dómari síðan út fréttatilkynningu, sem birtist í nokkrum blöðum. Fréttatilkynning þessi er aðallega hlutlaus frásögn af framburði vitna og frásögn kærða

af atvikum svo og upplýsingar um afstöðu kærða til þeirra gagna, sem fram höfðu komið gegn honum. Jafnframt er leitast við að leiðréttu verstu missagnir dagblaðanna. Fréttatilkynning þessi var engan veginn tæmandi atvikalýsing, heldur frásögn af því markverðasta, og kann að vera, að kærði hafi þar saknað einhvers, sem hann telur sér til hagsbóta, en einnig er ýmsu sleppt, sem kann að vera honum í óhag. Á engan hátt er lagt mat á sönnunargildi rannsóknargagnanna.

Dómarinn hefur ekkert fullyrt um það, hvenær rannsókninni yrði lokið, aðeins svarað spurningum fréttamanna um líkur í því efni, en vera má, að þær upplýsingar hafi verið rangtúlkaðar í blöðum.

Krafa kærða virðist byggjast á þeirri skoðun, að dómarinn hafi sýnt með meðferð sinni á rannsókn vegna handtöku Karls Guðmundssonar, að hann geti ekki annast þessa rannsókn á óhlutdrægan hátt.

Eins og að framan er rakið, virðast ekki efni til að fallast á kröfu stefnda vegna þeirra atriða, sem hann tilgreinir í yfirlýsingu sinni, og ekki þykja heldur af öðrum ástæðum efni til, að dómarinn víki sæti, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74 frá 1974 um meðferð opinberra mála og 36. gr., einkum 7. tl., laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Steingrímur Gautur Kristjánsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, víkur ekki sæti.
